

Ágætu stjórnendur Reykjavíkurborgar,

Tekin hefur verið ákvörðun, í samráði við heildarsamtök opinberra starfsmanna, um að framlengja heimild til frestunar á niðurfellingu orlofs, sem að hámarki getur verið 60 dagar, um **eitt ár eða til 30. apríl 2024**. Eftir þann dag fellur eldra orlof niður.

Frestur þessi er veittur vegna utanaðkomandi aðstæðna á samningstímanum.

**Eftir sem áður viljum við áréttta mikilvægi þess að starfsfólk taki orlof sér til hvíldar og endurnæringar en safni því ekki upp.**

Þið þurfið því að skipuleggja töku orlofs í samráði við starfsfólk:

- Upplýsa starfsfólk um stöðu orlofs – sýnilegt í Vinnustund.
- Þjóða starfsfólki að senda inn orlofsóskir hafi það nú þegar ekki verið gert.
- Taka ákvörðun um sumarorlof fyrir 31. mars nema sérstakar aðstæður hamli.
- Gera tímasettar áætlanir um úttekt uppsafnaðs orlofs hjá þeim sem það á við.

Ákvörðunin í heild hljóðar svo:

*Í síðustu kjarasamningum aðila voru gerðar breytingar á orlofskafla samninganna þar sem samið var um að sé orlof ekki tekið á orlofsárinu falli það niður, sbr. gr. 4.6.1, nema undanþáguákvæði í gr. 4.6.2 og gr. 4.6.3 eigi við. Þá var sett inn sólarlagsákvæði í gr. 4.6.5 þar sem starfsmaður sem átti gjaldfallið orlof 1. maí 2019, allt að 60 dögum, gat nýtt þá daga til 30. apríl 2023 en að þeim tíma liðnum myndu þeir falla niður. Á samningstímanum var jafnframt tekin ákvörðun um að framlengja eldri reglu um frestun orlofs til þess að koma í veg fyrir að í gildi væru tvær reglur um niðurfellingu orlofs á sama tíma, en nýr orlofskafla tók ekki gildi fyrir en 1. maí 2020. Meðal þeirra markmiða sem búa að baki breytingu á orlofskafla kjarasamnings og framkvæmdar honum tengdum er að tryggja að starfsfólk fái notið orlofs til að ná hvíld og endurheimt frá starfi í samræmi við rétt þess þar á en safni honum ekki upp. Þar af leiðir að eldra orlof fellur að óbreyttu niður frá og með 1. maí 2023. Í ljósi utanaðkomandi aðstæðna á samningstíma síðasta kjarasamnings er þó ljóst að hluta starfsfólks muni ekki takast að klára ótekið orlof fyrir 30. apríl 2023, vegna starfa sinna. **Er því framangreind heimild til frestunar á niðurfellingu orlofsdaga framlengd til 30. apríl 2024.***

kveðja



Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri mannauðs og

starfsumhverfissviðs

S: 411 4220/822 3040 [Skrifstofa sviðsstjóra](#)

